

Ársskýrsla 2012



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	4
Um sjóðinn	6
Ávöxtun og þróun markaða	7
Iðgjöld og lífeyrir	8
Áhættustefna.....	10
Fjárfestingarstefna	11
Tryggingafræðileg staða.....	12
Verðbréfaeign og fjárfestingar	13
Sjóðfélagalán.....	14
Séreign	15
Stjórn og starfsmenn.....	18
Áritun og skýrsla stjórnar.....	20
Áritun endurskoðenda	23
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	24
Efnahagsreikningur	26
Sjóðsstreymi.....	28
Skýringar.....	30
Kennitölur	35

► Ávarp stjórnarformanns

Segja má að árið 2012 hafi náðst ásættanlegur árangur í rekstri Lífeyrissjóðs Verkfræðinga. Afkoma sameignardeildarinnar var mun betri en hún hefur verið mörg undanfarin ár. Hrein raun-ávöxtun var sú besta frá árinu 2006 og 10 ára meðalávöxtun þokaðist uppá við. Enn fremur hefur loksins tekist að ljúka flestum þeim uppgjörsmálum sem urðu til við hrun bankakerfisins árið 2008. Það er skoðun mín að án þess að um byltingarkenndar breytingar hafi verið að ræða á liðnu ári þá hafi núna náðst sú festa og stöðugleiki í rekstri sjóðsins sem er nauðsynleg hverjum lífeyrissjóði og grundvöllur þess að á komandi árum muni áfram nást ásættanlegur árangur í rekstri Lífeyrissjóðs Verkfræðinga. Ákveðin festa hefur náðst í starfsmannahaldi. Í árslok voru starfsmenn sex talsins en einn starfsmaður lét af störfum sakir aldurs á árinu. Frá síðasta aðalfundi hafa þó tveir stjórnarmenn látið af störfum, báðir vegna breytinga á starfsvettvangi sem urðu þess valdandi að þeir töldust ekki lengur hæfir til setu í stjórn. Í stað Elísabetar Árnadóttur kom inn í stjórnina Helena Sigurðardóttir og í stað Agna Ásgeirssonar kom inn Þrándur Ólafsson.

Á árinu var haldið áfram þeirri vinnu sem ýtt var af stað strax árið 2010 við að bæta umgjörð starfseminnar. Í kjölfar stefnumótunarvinnu sem fór fram árið 2011 og í takt við nýja upplýsingastefnu sem samþykkt var seinni hluta ársins 2012 hafa eftirfarandi þrep verið stigin á undangengnum mánuðum:

Ný vefsíða. Í mars 2012 var opnuð ný og betrubætt vefsíða fyrir sjóðinn en sú sem var fyrir hafði ekki verið endurnýjuð í mörg ár og var orðin barn síns tíma með lítt aðlaðandi viðmót og takmarkað upplýsingagildi.

Rafræn stjórnargátt. Í júní 2012 var tekin í notkun vefgátt til varðveislu allra skjala sem eru formlega birt stjórn sjóðsins eða eru grundvöllur þeirra ákvarðana sem hún tekur. Einnig eru þar vistaðar á einum stað fundargerðir, samþykktir, stefnur og verklagsreglur sem samþykktar hafa verið af stjórninni. Tryggir

þessi framgangsmáti að stjórnarmenn séu ávallt með nýjustu og réttustu upplýsingar á milli handanna til að byggja ákvarðanir sínar á.

Sjóðfélagavefgátt. Í nýliðnum aprílmánuði var opnað fyrir aðgang sjóðfélaga að nýrri vefgátt þar sem þeir geta fylgst með öllum lífeyrissfærslum, ávinningi réttinda og framvindu mála sem eru í gangi milli sjóðsins og þeirra sjálfra persónulega. Er þarna um mikla framför að ræða sem eykur til muna allt upplýsingaflæði milli einstakra félaga og sjóðsins, auk þess sem félagar geta fylgst með því frá degi til dags að iðgjöld skili sér frá vinnuveitanda til sjóðsins.

Stöðufundir fyrir einstaka sjóðfélaga. Frá því í september s.l. hefur Lífeyrissjóður Verkfræðinga boðið hverjum og einum sjóðfélaga uppá að bóka fund með starfsmanni sjóðsins til að fara yfir stöðu lífeyrismála almennt, réttindaávinnslu, töku lífeyris og val á séreignarleið sem hentar viðkomandi.

Opnir kynningarfundir með sjóðfélögum. Frá síðasta aðalfundi hefur verið boðið til tveggja opinna kynningarfunda með sjóðfélögum. Annars vegar var um að ræða fund um töku lífeyris sem gert er ráð fyrir að verði árlegur viðburður og hins vegar kynningarfund um vinnu við breytingar á samþykktum sjóðsins sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Öll þau atriði sem hér að ofan eru talin eru mikilvæg í þeirri viðleitni að auka upplýsingaflæði til sjóðfélaga og bæta starfsumhverfi bæði stjórnar og starfsmanna.

Á liðnu ári var hleypt af stað vinnu við gagngera yfirferð samþykktar sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri voru sammála um að tímabært væri orðið að fara yfir samþykktirnar í heild sinni til að styrkja þær, bæta sýnileika gildandi laga og reglugerða í samþykktunum og skýra ýmis atriði varðandi meðferð iðgjalda og forsendur réttinda. Enn fremur var ákveðið að leggja til

grundvallarbreytingu varðandi kosningu stjórnarmanna, setja takmörk á hversu lengi hver einstaklingur má sitja í stjórn og bæta við grein sem tryggja á að töflur til réttindavinnslu taki ávallt mið af forsendum tryggingafræðilegra útreikninga fyrir sjóðinn til framtíðar. Með breytingum á kosningu til stjórnar, sem gera ráð fyrir að kosningin verði rafræn og verði lokið fyrir aðalfund hverju sinni, er það von mín að þátttaka í kosningu stjórnarmanna verði mun almennari en verið hefur og slegið verði um leið á gagnrýnisraddir sem víða hafa heyrst undanfarin ár um hæfi stjórnarmanna í sjóðnum. Ég trúi á lýðræðið í þessu sambandi og vona að sjóðfélagar almennt kunni að meta þau eðlilegu réttindi að fá sjálfir að kjósa stjórnarmenn í sínum eigin lífeyrissjóði. Enn fremur vænti ég þess að ákveðin viðmiðunarmörk fyrir breytingar á réttindaávinnslutöflum muni í framhaldinu tryggja jafnvægi í tryggingafræðilegri stöðu framtíðarskuldbindinga og áfallinna skuldbindinga sjóðsins. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins mun verða borin upp til atkvæða á aðalfundi í maí 2013.

Í ávarpi mínu á síðasta ári nefndi ég að mér fyndist ástæða til að breyta nafni sjóðsins í Lífsverk og að ég hefði áhuga á að leggja tillögu þess efnis fyrir aðalfund 2013. Áhugi minn á þessari nafnbreytingu hefur ekki breyst en sakir þeirra gagngeru breytinga á samþykktum sjóðsins sem nú er verið að kynna tel ég betur henta að fresta nafnbreytingunni um eitt ár þannig að hún verði lögð fyrir aðalfund 2014.

Fyrir aðalfund 2013 verður lögð fram tillaga stjórnar um skerðingu áunninna réttinda sjóðfélaga. Er þar um að ræða síðasta skrefið í þeirri leiðréttingu á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins sem samþykkt var á aðalfundi 2009 og skyldi koma samanlagðri tryggingafræðilegri stöðu í jafnvægi í síðasta lagi á yfirstandandi ári. Verði tillaga stjórnar samþykkt á fundinum verður tryggingafræðilega staðan komin í jafnvægi miðað við lífslíkur 2004 - 2008 en verður samt sem áður áfram neikvæð um u.þ.b. 1,1% vegna þeirra áhrifa sem auknar lífslíkur 2007 - 2011 hafa

á skuldbindingar til framtíðar. Þessi staða er vel innan allra viðmiða sem lífeyrissjóðum í landinu eru sett samkvæmt lögum og gefur að óbreyttu ekki tilefni til skerðinga umfram það sem nú er lagt til.

Mig langar að nota þetta tækifæri til að koma á framfæri þeirri skoðun minni að í grunninn sé lífeyrstryggingakerfið á Íslandi með því besta sem völ er á. Söfnunarkerfi sem gerir ráð fyrir að einstaklingar safni réttindum á meðan á starfsævi stendur á með réttu að geta tryggt hverjum og einum ásættanlegan lífeyri óháð því hvernig aldursþíamíti þjóðarinnar lítur út hverju sinni og óháð því hver staða vinnuveitenda eða ríkissjóðs verður í framtíðinni. Ekkert kerfi er samt það gott að ekki megi bæta það og á það sérstaklega við um íslenska kerfið undanfarin ár hvað varðar pólitíska áhættu og gjaldeyrishöft. Ítrekað höfum við fylgst með tillögum áhrifamanna um að nýta lífeyrissjóði landsmanna til allra mögulegra hluta annarra en að tryggja þeim lífeyri og það þrátt fyrir að kerfið í heild sinni hafi orðið fyrir verulegum áföllum í kjölfar bankahrunsins. Einnig hafa gjaldeyrishöftin orðið til þess að kerfið hefur vaxið innanlands langt umfram það sem eðlilegt getur talist miðað við stærð hagkerfisins. Kemur það fram í mjög takmörkuðum tækifærum til fjárfestinga sem þegar er farið að hafa áhrif á mögulega ávöxtun sjóðanna auk þess sem hættan á sveiflum í eignaverði við losun gjaldeyrishaftanna vex með hverjum mánuði sem líður við óbreytt höft. Það er þess vegna ekki auðvelt að tryggja ásættanlega ávöxtun sjóðsins og takmarka á sama tíma áhættuna af fjárfestingum hans eins og sakir standa. Til þess er einfaldlega nú þegar of mikil eignabóla í gangi.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum sjóðsins og félögum mínum í stjórn hans fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Ég hlakka til að takast á við frekari uppbyggingu hans með þeirra aðstoð á árinu sem er framundan.

[Valur Hreggviðsson](#)
Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verkfræðinga

► Um sjóðinn

Lífeyrissjóður verkfræðinga, Lífsverk, var stofnaður árið 1954 af Verkfræðingafélagi Íslands og hét sjóðurinn þá Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands. Sjóðurinn var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem tók upp sjóðfélagalýðræði og byggði á aldurstengdum réttindum.

Lífsverk er blandaður samtryggingar- og séreignarsjóður. Í því felst að hluti af lögbundnu 12% iðgjaldi fer í samtryggingardeild, 10%, og hluti í séreignardeild, 2%. Öllum er þess utan heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um.

Heildareignir sjóðsins námu 45 milljörðum króna í lok árs 2012 og stækkaði sjóðurinn um 16,5% á árinu.


Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku iðgjaldi sjóðfélaga og ávaxta það, auk þess að greiða sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri þegar kemur að starfslokum og eftirlátnum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri.

Í dag geta orðið sjóðfélagar í samtryggingardeild allir verkfræðingar og aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar. Almennt er þó

miðað við að þeir hafi lokið a.m.k. fyrstu háskólagráðu í raungreinum (BSc eða sambærilegt) eða framhaldsnámi í háskóla í öðrum greinum (MS, MA, MBA, PhD eða sambærilegt).

Með greiðslu iðgjalda í samtryggingardeild ávinnur sjóðfélagi sér viðtæk og dýrmæt réttindi. Réttindin felast í greiðslu ævilangs lífeyris sem tekur mið af greiddum iðgjöldum, og tryggingaverndar vegna örorku sjóðfélaga, maka- og barnalífeyris. Mikilvægi þess að njóta ævilangs lífeyris eykst stöðugt með hækkandi lífslíkum auk þess sem ekki er á vísan að róa með greiðslur úr almannatryggingakerfi framtíðarinnar.

Greiðsla iðgjalda í séreignardeild veitir sjóðfélögum aukið svigrúm til úttekta á lífeyri og sveigjanleika við starfslok auk þess sem séreignarsparnaður erfist við fráfall sjóðfélaga.



► Ávöxtun og þróun markaða

Ávöxtun

Ávöxtun Lífsverks var góð á árinu þegar tekið er mið af eignasamsetningu og áhættustigi deildanna auk þess fjárfestingarumhverfis sem búið er við í dag. Allar fjárfestingarleiðir skiluðu jákvæðri nafn- og raunávöxtun á árinu. Hrein eign samtryggingardeildar í árslok 2012 til greiðslu lífeyris var 39.104 m.kr. og stækkaði um 16,3% á milli ára.



Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 10,5% og raunávöxtun 5,8% samanborið við 6,4% nafnávöxtun og 1,1% raunávöxtun árið 2011. Í fyrsta sinn frá árinu 2006 var hrein raunávöxtun sjóðsins yfir þeim 3,5% mörkum sem lífeyrissjóðum er gert að miða við í útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu. Innlend og erlend hlutabréf gáfu bestu ávöxtun eignaflokka í samtryggingardeild. Mikilvægum uppgjörsmálum við Glitni og Kaupþing vegna afleiðusamninga lauk á árinu og því hefur mikilli óvissu verið eytt. Uppgjörið hafði jákvæð áhrif á eign sjóðsins en var þó mjög nálægt bókfærðu virði. Enn ríkir óvissa um verðmæti ákveðinna eigna sjóðsins en sá hluti er mun umfangsminni en áður. Hlutfall erlendra mynta sjóðsins í árslok var 20,9%.

Þróun markaða

Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,5% á árinu og gengi krónunnar veiktist um rúmlega 6%. Stýrivextir Seðlabankans hækkuðu um 1,25% og voru komnir í 6% í árslok. Verðtryggð skuldabréfavísitala GAMMA hækkaði um 6,7% en óverðtryggð skuldabréfavísitala GAMMA um 6,5%.

Vextir erlendis hafa verið í sögulegu lágmarki undanfarin misseri, eða á bilinu 0 – 1% hjá mörgum þjóðum, eins og t.d. í Bandaríkjunum, Japan og í Evrópu. Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) hækkaði um 13,2% mælt í dollar.

Hlutfé í Reginn, Eimskip og Vodafone var tekið til viðskipta í Kauphöll Íslands á árinu. Ljóst er að verðlagning hlutabréfa í frumútboðum ber þess keim að skortur er á fjárfestingartækifærum, gjaldeyrishöft virðast langvarandi og mikil eftirspurn er eftir skráðu hlutfé. OMX6 hlutabréfavísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 16,5%.



► Iðgjöld og lífeyrir

Iðgjöld

Með greiðslu iðgjalda til Lífeyrissjóðs verkfræðinga ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs lífeyris. Sjóðurinn er blandaður sjóður samtryggingar og séreignar en í því felst að hluti af skylduframlagi (12%) rennur til séreignardeildar, 2%, og 10% rennur til samtryggingardeildar. Útgreiðsluheimildir séreignar eru rýmri en í samtryggingardeild og er inneign laus til útgreiðslu við 60 ára aldur sjóðfélaga. Sjóðfélagar geta valið að láta allt skylduframlagið renna til samtryggingardeildar.

	2012	2011	% breyting milli ára
Iðgjöld í m.kr.	2.419	2.213	9,3%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	2.573	2.588	-0,6%
Fjöldi sjóðfélaga sem greiddu í sjóðinn	2.839	2.812	1,0%


Á árinu 2012 voru greidd iðgjöld til samtryggingardeildar að fjárhæð 2.419 m.kr. sem er aukning um 9% frá fyrra ári. Samtals greiddu 2.839 sjóðfélagar iðgjald í sjóðinn á árinu en meðalfjöldi virkra greiðenda í sjóðinn á árinu var 2.573. Fjöldi launagreiðenda sem greiddu í sjóðinn á árinu var 961.

Meðalaldur virkra greiðenda í sjóðnum er 43,12 ár.


VIRK endurhæfingarsjóður

Í október sl. tóku gildi lög nr. 60/2012 sem kveða á um skyldu lífeyrissjóða til að leggja 0,13% af iðgjaldsstofni sjóðfélaga til starfsendurhæfingarsjóðsins Virk. Á síðasta ári gjaldfærði sjóðurinn 7.838 þús. kr. undir liðnum önnur gjöld vegna þessa. Starfsemi VIRK felst í að aðstoða launþega sem lent hafa í tímabundinni örorku eða skertri starfsgetu að komast á vinnumarkaðinn aftur.

Fjöldi virkra sjóðfélaga



Iðgjöld



Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar námu 490 m.kr. á árinu 2012 og var það aukning um 8,4% frá fyrra ári. Hlutfall útgreiðslna af iðgjöldum er með lægra móti miðað við aðra sjóði eða um 20% og er það óbreytt milli ára. Lág hlutfall útgreiðslna sjóðsins skýrist einkum af lágum meðalaldri sjóðfélaga og lágri örorkubyrði.



	2012	2011	% breyting milli ára
Lífeyrisgreiðslur	490	452	8,4%
Fjöldi lífeyrisþega	295	241	22,4%

Lífeyrisréttindi eru verðtryggð og taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs sem hækkaði um 4,5% á árinu.

Alls eiga 4.075 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum í lok árs sem er 2,6% aukning frá fyrra ári. Þar af er hlutfall karla sem eiga réttindi í sjóðnum 78% og hlutfall kvenna 22%. Kynjahlutföll í sjóðnum hafa haldist nær óbreytt frá árinu 2008.

Hlutfallsleg skipting lífeyrisgreiðslna skiptust þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 77,7% af heildar lífeyrisgreiðslum ársins, makalífeyrir var 13,4%, barnalífeyrir var 1,2% og örorkulífeyrir var 7,7%.

Örorkutíðni sjóðfélaga er ennþá með því lægsta sem gerist hjá lífeyrissjóðum. Það þýðir að sjóðurinn getur varið hærra hlutfalli af iðgjöldum til eftirlaunagreiðslna en margir aðrir sjóðir. Tryggingavernd er góð hjá sjóðnum og nokkuð yfir lágmarkskröfum skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.



► Áhættustefna

Lífeyrissjóður verkfræðinga setti sér áhættustefnu á árinu 2011.

Tilgangur með áhættustefnu sjóðsins er að skilgreina skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, að skilgreina þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og jafnframt að skilgreina hvernig fylgst verður með þessum áhættuþáttum.

Áhættunni er skipt í fjóra yfirflokkka; lífeyristryggingaráhætta, mótaðilaáhætta, fjárhagsleg áhætta og rekstraráhætta. Þeim áhættuflokkum er svo skipt upp í undiráhættuflokkka:

Lífeyristryggingar áhætta

- Skerðingaráhætta
- Iðgjaldaáhætta
- Umhverfisáhætta
- Lýðfræðileg áhætta
- Réttindaflutningsáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Seljanleikaáhætta
- Útstreymisáhætta

Mótaðilaáhætta

- Útlánaáhætta
- Samþjöppunaráhætta
- Landsáhætta
- Afhendingaráhætta
- Uppgjörsáhætta

Fjárhagsleg áhætta

- Vaxta og endurfjárfestingaráhætta

- Uppgreiðsluáhætta
- Markaðsáhætta
- Gjaldmiðlaáhætta
- Ósamræmisáhætta
- Verðbólguáhætta
- Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings

Rekstraráhætta

- Starfsmannaáhætta
- Áhætta vegna svika
- Áhætta vegna upplýsingatækni
- Orðsporsáhætta
- Pólitísk áhætta / lög og reglur
- Skjalaáhætta
- Úrskurðaráhætta lífeyris
- Áhætta vegna útivistunar
- Upplýsingaáhætta

Samspil áhættustefnu og fjárfestingarstefnu

Hlutverk fjárfestingarstefnu í áhættustýringu sjóðsins er að setja fram þau viðmið fyrir áhættuþætti sem sjóðurinn hyggst nota, sem og fjalla um og greina helstu áhættuþætti sjóðsins. Þar eru meðal annars sett fram ítarleg viðmið fyrir samþjöppunaráhættu sem sjóðnum ber að framfylgja. Í árlegri fjárfestingarstefnu sjóðsins er jafnframt farið yfir helstu áhættuþætti fyrir utan rekstraráhættu.

Fjárhagsleg áhætta

Ársfjórðungslega gerir sjóðurinn ítarlega skýrslu um fjárhagslega áhættu en þar eru gerðar greiningar á undiráhættuflokkum. Til að mynda eru gerðar næmnigreiningar á vaxtaáhættu verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta, á breytingu á verðmæti gjaldmiðla og verðbólgu. Einnig eru ýmsar sviðsmyndir settar fram þar sem áhrif ýmissa þátta á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins eru metin s.s miklar verðbreytingar á innlendum og erlendum mörkuðum sem og sveiflur á gengi krónunnar.

Þá er VaR (Value at Risk) reiknað til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við eignasafn sjóðsins og söguleg gögn.

► Fjárfestingarstefna


Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga samþykkti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2013 í nóvember. Hver eignaflokkur var metinn út frá stöðu markaða og framtíðahorfa þar sem litið var til samspils áhættu og ávöxtunar. Við mat á áhættustigi sjóðsins var litið til mats á skuldbindingum hans, framtíðargreiðsluflæði, aldurssamsetningar sjóðfélaga og tryggingafræðilegrar stöðu. Auk þess var samspil eigna og skuldbindinga skoðað út frá hversu næmt safnið var með tilliti til verðbólgu og breytingu vaxta. Í kjölfarið voru gerðar ýmsar sviðsmyndir. Í framhaldi af þessari vinnu var sett fram fjárfestingarstefna sjóðsins ásamt fjárfestingarheimildum.

Í ljósi gjaldeyrishafta og í kjölfar bankahruns hafa fjárfestingarkostir lífeyrissjóða takmarkast mikið. Fjárfestingarstefnan

endurspeglar skort á fjárfestingatækifærum. Ef borin er saman eignasamsetning samtryggingardeildar sjóðsins í lok ársins 2012 við fjárfestingarstefnu fyrir árið 2013 eru helstu breytingar þær að innstæður í banka lækka, innlend hlutabréf hækka lítillega, erlend skuldabréf lækka, erlend hlutabréf hækka og sérsniðnar fjárfestingar hækka.

Viðmið eignaflokka

Hver undirflokkur fyrir sig hefur sitt viðmið og er árangur hvers flokks borin reglulega saman við viðmið. Viðmiðin eru í töflu hér fyrir neðan.



Innlán	OMX13MNI vísitala ríkisbréfa með 3ja mánaða líftíma
Innlend skuldabréf	Gamma GBI skuldabréfavísitala
Innlend hlutabréf	OMX16GISK hlutabréfavísitala Kauphallar Íslands
Erlend hlutabréf	MSCI World Index Total Return hlutabréfavísitala Morgan Stanley
Erlend skuldabréf	BARCAP TR Bond Index skuldabréf-vísitala Barclays Capital
Sérsniðnar fjárfestingar	HFRI FoF Composite Index breið marksjóðasjóðavísitala frá Hedge Fund Research

► Tryggingafræðileg staða


Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun voru heildarskuldbindingar 4,2% umfram heildareignir í árslok. Félag tryggingastærðfræðinga birti nýjar tölur um meiri lífslíkur kvenna og karla undir lok árs 2012 sem juku skuldbindingar sjóðsins um 1,2%. Ef lífslíkur hefðu haldist óbreyttar væru heildarskuldbindingar um 3% umfram heildareignir í árslok.

Tryggingafræðileg athugun er gerð af tryggingafræðingi sjóðsins. Í henni felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem leyfilegur er milli eignaliða og skuldbindinga án þess að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Í samþykktum er kveðið á um að frávik megi ekki vera meira en 10% og er staða sjóðsins innan þeirra marka. Í lögum eru vikmörk almennt 10% á einstöku ári og ef munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í 5 ár þá þarf að gera breytingar á samþykktum. Frá árinu 2009 hafa verið í gildi bráðabirgðalög sem hafa víkkað þessi vikmörk tímabundið.

Staða áfallinna skuldbindinga var neikvæð um 4.072,7m.kr. eða um -9,6% af áföllnum skuldbindingum. Er þá búið að taka tillit til 6% lækkunar á áunnum réttindum þann 1. október s.l. sem samþykkt var á aðalfundi. Staða vegna væntra framtíðariðgjalda var jákvæð um 914,3m.kr. eða um 2,8% af framtíðarskuldbindingum. Samanlagt var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 3.157m.kr. eða um -4,2%.

Á aðalfundi sjóðsins árið 2009 var samþykkt fimm ára áætlun stjórnar um að ná tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í jafnvægi fyrir árslok 2013. Eins og sjá má á mynd hér fyrir neðan þá hafa aðalfundir frá þeim tíma haldið sig við áætlunina og hillir nú undir loka ákvörðun í þessum efnunum á aðalfundi 2013.

Fimm ára áætlun aðalfundar




► Verðbréfaeign og fjárfestingar

Verðbréfaeign í árslok

Alls nam verðbréfaeign samtryggingardeildar að viðbættum bankainnstæðum 39 ma.kr. í lok ársins. Samsetning verðbréfasafnsins var innan vikmarka fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Bankainnstæður voru 4,7% af verðbréfaeign sjóðsins í lok ársins, sjóðfélagalán voru 16,8%, önnur innlend skuldabréf voru 47,1%, innlend hlutabréf voru 9,1%, erlend skuldabréf voru 8%, erlend hlutabréf 5,2% og sérsniðnar fjárfestingar námu 9,1%.

Vægi ríkisskuldabréfa hélt áfram að aukast í ljósi fárra fjárfestingartækifæra og hækkaði úr 29% í lok árs 2011 í 32,5%. Á sama tíma minnkaði vægi annarra innlendra skuldabréfa um tæp 2%. Vægi innlendra hlutabréfa hækkaði, vægi erlendra hlutabréfa minnkaði en vægi erlendra skuldabréfa hækkaði og vægi sérsniðinna fjárfestinga hækkaði.



Fjárfestingar	Kaup	Sala	Alls
Bankainnstæður		-1.299	-1.299
Sjóðfélagalán	500	-866	-366
Ríkisskuldabréf	6.818	-4.577	2.241
Önnur innl. skubr.	1.365	-1.616	-251
Innl. hlutabréf	1.489	-836	653
Erl. Skuldabréf	3.935	-3.089	846
Erl. Hlutabréf	957	-929	28
Sértækar fjárfestingar	505	-101	404
Samtals	15.569	-13.314	2.255


► Sjóðfélagalán

Sjóðfélagar öðlast lánsrétt eftir að hafa greitt iðgjöld í sjóðinn í samtals 6 mánuði og þurfa að vera virkir greiðendur með iðgjöld í skilum. Hámarksveðhlutfall fasteigna var lækkað úr 75% í 70% á fullkláruðum fasteignum á árinu. Hámarkslánstími sjóðfélagalána er 40 ár og lágmarkstími 5 ár. Lántakandi getur nú valið milli láns með jöfnum greiðslum eða jöfnum afborgunum. Ekkert uppgreiðslugjald er á sjóðfélagalánnum.


Ný lán til sjóðfélaga námu 499 m.kr. sem er aukning um 42% frá fyrra ári.

Í árslok 2012 var heildarfjárhæð sjóðfélagalána 6.553 m.kr. og hækkaði um 1,2% frá fyrra ári. Fjöldi lána í árslok var 1.827 og fækkar um 3,4% milli ára. Hlutfall sjóðfélagalána af hreinni eign samtryggingardeildar var 16,8% í árslok. Heildarvanskil sjóðfélagalána eru svipuð milli ára eða tæpar 20 m.kr. og að mestu leyti tilkomin vegna greiðsluskjóls sjóðfélaga. Beinar afskriftir sjóðfélagalána á árinu námu 11 m.kr. Verulega hefur dregið úr nýjum samningum vegna greiðsluerfiðleikaúrræða en á árinu bárust 5 ný mál.

Ný sjóðfélagalán



Staða lána í lok árs



► Séreign



Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um. Hluti af 12% lágmarksiðgjaldi sjóðfélaga, 2%, greiðist til séreignardeildar í séreign. Séreignarlífeyrissparnaður veitir sjóðfélögum aukið svigrúm til úttektar á lífeyri og sveigjanleika við starfslok. Þannig er heimilt samkvæmt lögum að hefja úttekt á séreignarsparnaði frá 60 ára aldri með eingreiðslu eða jöfnum greiðslum á ákveðnu tímabili. Séreignarsjóðir erfast 100% við fráfall sjóðfélaga og gildir það um allar inngreiðslur í séreignarsjóði.

Hrein eign séreignardeildar var 5.875 m.kr. í árslok og stækkaði um 18% á milli ára. Boðnar eru þrjár mismunandi leiðir í séreignarsparnaði. Leið 1 fjárfestir eingöngu í innlendum skuldabréfum og er sú leið stærst. Leið 2 fjárfestir bæði í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Leið 3 fjárfestir eingöngu í innlánnum og ríkistrygðum verðbréfum. Þriðja leiðin hóf starfsemi í ágúst 2009.

Séreignarleiðirnar skiluðu góðri ávöxtun á árinu 2012 en jákvæð nafn- og raunávöxtun var á öllum leiðunum. Leið 1 skilaði 6,6% nafnávöxtun og 2% raunávöxtun, leið 2 skilaði 9,6% nafnávöxtun og 4,9% raunávöxtun og leið 3 skilaði 5,1% nafnávöxtun og 0,5% raunávöxtun. Sjóðfélagar geta fært uppsafnaða séreign á milli leiða eða ákveðið að skipta um þá ávöxtunarleidd sem greitt er til með því að fylla út beiðni þar um. Sjóðfélögum er velkomið að hafa samband við starfsmenn sjóðsins til að fara yfir áhættustig og eignasamsetningu séreignarleiða.

Framlag ríkisskuldabréfa í ávöxtun séreignarleiða var hæst í leið 1 og 2 en framlag innlána í leið 3. Séreignarleiðirnar eru gerðar upp á markaðsverði og er reiknað gengi daglega. Fjárfestingarstefna séreignarleiðanna kveður á um markmið eignasamsetningar verðbréfa eftir helstu eignarflokkum í lok næsta árs með ákveðnum vikiörkum.

Lífeyrisgreiðslur vegna tímabundinnar lagaheimildar til úttektar á séreignarsparnaði námu 144 m.kr. á árinu 2012 samanborið við 142 m.kr. á árinu 2011.



Séreignarleif 1


Nafnávöxtun séreignarleidar 1 var 6,6% á árinu 2012, og hrein raunávöxtun 2,0%. Iðgjöld námu 629 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 158 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris var 5.255 m.kr. í árslok. Alls greiddu 2.468 sjóðfélagar iðgjald í leið 1 á árinu 2012 og 113 fengu greiddan lífeyri.

Séreignarleif 2

Nafnávöxtun séreignarleidar 2 var 9,6% á árinu 2012 og hrein raunávöxtun var 4,9%. Iðgjöld námu 78 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 15,9 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 565 m.kr. Alls greiddu 225 sjóðfélagar iðgjald í leið 2 á árinu 2012 og 14 fengu greiddan lífeyri.


Séreignarleif 1

Fjárfestingarstefna 2013




Séreignarleif 2

Fjárfestingarstefna 2013




Séreignarleif 1

Eignasamsetning 31.12.2012



Séreignarleif 2

Eignasamsetning 31.12.2012




Séreignarleið 3

Nafnávöxtun séreignarleiðar 3 var 5,1% á árinu 2012 og hrein raunávöxtun 0,5%. Iðgjöld námu 10,2 m.kr. og lífeyrisgreiðslur voru 0,9 mkr. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 54,6 m.kr. Alls greiddu 35 sjóðfélagar iðgjald í leið 3 á árinu 2012 og 2 fengu greiddan lífeyri.


Séreignarleið 3

Fjárfestingarstefna 2013



Séreignarleið 3

Eignasamsetning 31.12.2012



► Stjórn og starfsmenn

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn í kjöri á aðalfundi og tveir varamenn en þriðja hvert ár er einn aðalmaður í kjöri og einn til vara.

Á aðalfundi í maí 2013 er einn í kjöri til aðalstjórnar og fjórir varastjórnarmenn.

Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):

Þráinn Valur Hreggviðsson, formaður (2015)

Þrándur Ólafsson (2014)

Jón Lárus Stefánsson (2013), fundarritari

Ágúst Valfells (2014)

Helena Sigurðardóttir (2015)

Varamaður:

Guðrún Rögnvaldardóttir (2015)

Stjórnin kom saman 17 sinnum frá síðasta aðalfundi.

Starfsmenn

Alls störfuðu sex starfsmenn hjá sjóðnum í fullu starfi í lok árs 2012.

Starfsmenn sjóðsins í árslok:

Auður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri

Elísabet Katrín Jósefsdóttir, móttaka og iðgjaldaskráning

Lýður H. Gunnarsson, sjóðstjóri

Óla Helga Sigfinnsdóttir, bókhald og lífeyrismál

Rut Hreinsdóttir, fjármálastjóri

Þórhallur S. Bardason, verðbréfaskráning

Gildi sjóðsins eru:

- Heilindi
- Jákvæðni
- Ábyrgð



LÍFSVERK

Ársreikningur 2012

LÍFEYRISSJÓÐUR
VERKFRÆÐINGA

► Áritun og skýrsla stjórnar

Í fyrsta sinn frá árinu 2006 var hrein raunávöxtun sjóðsins yfir þeim 3,5% mörkum sem lífeyrissjóðum er gert að miða við í útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu.

Lífeyrissjóður verkfræðinga er blandaður lífeyrissjóður sem starfrækir samtryggingardeild og þrjár leiðir í séreignardeild. Af 12% skylduframlagi í lífeyrissjóðinn fer 10% til samtryggingardeildar en 2% til séreignardeildar. Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku iðgjaldi sjóðfélaga og ávaxta það þar til kemur að greiðslu lífeyris.

Í fyrsta skipti frá árinu 2008 má segja að ákveðnum stöðugleika hafi verið náð í rekstri sjóðsins. Umbrot undanfarinna ára eru nú að mestu leyti að baki eftir að nokkrum umfangsmiklum uppgjörsmálum var stýrt í höfn án þess að komið hafi til mikilla frekari niðurfærslna á eignum sjóðsins. Vonir standa því til að á komandi árum verði unnt að einbeita kröftum sjóðsins að frekari styrkingu á innri starfsemi og ennþá betri upplýsingagjöf til sjóðfélaga.

Á árinu 2012 setti sjóðurinn sér nýja upplýsingastefnu. Eitt af markmiðum sjóðsins er aukin rafræn upplýsingagjöf. Sjóðurinn er kominn vel áleiðis í innleiðingu á skjala- og verkefnastjórnunarkerfinu OneSystems. Stjórn og endurskoðendur nýta sér nú rafrænan aðgang að gögnum sjóðsins og yfirsýn gagna og samskipti við sjóðfélaga eru markvissari en áður. Á árinu 2012 störfuðu 6,6 starfsmenn að jafnaði í fullu starfi hjá sjóðnum. Einn starfsmaður lét af störfum s.l. vor vegna aldurs og fækkað var um einn starfsmann. Starfsmenn í fullu starfi í árslok voru því 6. Heildarfjárhæð launa og launatengdra gjalda var um 80 m.kr.

Ávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var góð þegar tekið er mið af eignasamsetningu og áhættustigi sjóðsins. Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 10,5% á árinu 2012 og raunávöxtun 5,8%. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var 39.104m.kr. og hækkaði um 16,3% á milli ára. Vísitala neysliverðs hækkaði um 4,5% á árinu.

Nafnávöxtun séreignarleiðar 1 var 6,6% og raunávöxtun var 2%. Hrein eign í árslok var 5.255 m.kr. og jókst um 17,5% á milli ára. Nafnávöxtun séreignarleiðar 2 var 9,6% og raunávöxtun 4,9%. Hrein eign í árslok nam 565 m.kr og hækkaði um 24% á milli ára. Nafnávöxtun séreignarleiðar 3 var 5,1% og raunávöxtun 0,6%. Hrein eign í árslok var 55m.kr. og hækkaði um 28%.

Í árslok 2012 áttu 4.075 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Í samtryggingardeild var meðalfjöldi virkra sjóðfélaga 2.573. Nýliðun hefur verið góð. Samanlögð iðgjöld ársins 2012 námu 2.422m. kr. og hækkuðu um 9,5% frá fyrra ári. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 295, lífeyrisgreiðslur voru 490m.kr., og lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum var 20,2%. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga í séreignardeild var 3.083. Iðgjöld námu 717m.kr. og hækkuðu um 1,4%. Fjöldi lífeyrisþega var 128, lífeyrisgreiðslur voru 175m.kr. og þar af var sérstök útborgun séreignar vegna lagaheimilda 144m.kr. á árinu.

